

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 31. október 2022  
UST202201-303/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Örfirisey, geymir T0110**

Umhverfisstofnun barst þann 11. maí sl. þykktar- og segulsviðsmælingar á geymi Olíudreifingar ehf., Örfirisey. Geymirinn hefur fastanúmerið T0110 og eigendanúmerið 101.02.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1952.

Þykktarmælingar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá NDT ehf., þann 11. maí 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner, serial no MK4-0016-A-TFS. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu NDT ehf. að geymirinn sé málaður að hluta að innan og sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf og neðsta umfar er ótært að innan. Geymirinn er einangraður og lítur vel út að utanverðu. Engir djúpir tæringarpyttir eða sýnilegar þynningar fundust í gólfplötum.

Meðfylgjandi er skýrsla NDT ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Gottskálk Friðgeirsson